

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 13. desember 2021

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022, 3. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 7. desember sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 3. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022.

Í frumvarpinu eru nokkur atriði sem varða lífeyrissjóði með beinum eða óbeinum hætti sem rétt er að koma sjónarmiðum og athugasemdum við.

Eftirlitsgjald, VI. kafli frumvarpsins, breyting á l. 99/1999

Með ákvæðum í VI. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á ákvæðum í lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

Í tengslum við álagningu á eftirlitsgjaldi ber að áréttta það sem áður hefur komið fram af hálfu LL að vaknað hafa spurningar eftir sameiningu Fjármálaeftirlitsins við Seðlabanka Íslands sem snúa að almennum grundvelli álagningar sérstaks eftirlitsgjalds. Annars vegar um það hvort almennt eigi að vera sérstakt eftirlitsgjald eftir sameininguna og hins vegar ef gjaldtöku er viðhaldið þá eigi að nást fram hagræðing í rekstri sem ætti að birtast í umtalsverðri lækkun gjaldsins en sú hefur enn ekki orðið raunin.

Með 10. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting að í skýrslu ráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað skuli lagt mat á áætlaða þróun starfsemi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár í stað þess að litið sé til undangenginna ára. Almennt má ætla að þessi breyting geti orðið til bóta og lýsa LL því stuðningi við þessa breytingu.

Í b. lið 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er lögð til umtalsverð breyting á 9. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999. Með frumvarpinu er heildareftirlitsgjald lífeyrissjóða milli ára nánast óbreytt en lögð er til umtalsverð breyting á skiptingu þess milli sjóða, sbr. hjálagðan exel-útreikning. Er með frumvarpinu lögð til sú breyting að hluti fastagjaldsins hækki og að breytilegi hlutinn sem tekur mið af eignum lækki að sama skapi. Þessi breyting hefur mjög mismunandi áhrif á einstaka sjóði, ýmist til verulegrar lækkunar eða hækkunar frá því sem verið hefur. Hér eru

hagsmunir sjóðanna ólíkir og því örðugt fyrir LL að lýsa yfir eindregnum stuðningi eða andstöðu við þessar breytingar.

Breyting á gjaldi vegna reksturs umboðsmanns skuldara, 14. gr. frumvarpsins

Í 14. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á lögum nr. 166/2011 um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.

Hér vilja LL áréttta það sem áður hefur ítrekað verið bent á að lítill hluti nýrra umsókna um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara tengjast fasteignalánnum. Nýjar umsóknir um greiðsluaðlögun eru því frekar til komnar vegna erfiðleika skuldara við að standa skil á öðrum skuldbindingum en fasteignalánnum, s.s. skuldum tengdum neyslulánnum eða skuldum vegna húsaleigu. Vandamál vegna neyslulánaskulda tengjast eins og vitað er í mörgum tilvikum lánnum sem veitt hafa verið af smálánafyrirtækjum. Að mati LL er því ástæða til að yfirfara hverjir það eru sem standa straum af kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns skuldara þar sem svo virðist sem mikill minnihluti þeirra mála sem koma til úrlausnar embættisins eigi rætur að rekja til þeirra sem nú standa straum af kostnaði embættisins. Núverandi skipting gjaldsins er með þeim hætti að ***mjög lítill hluti mála sem eru til meðhöndlunar hjá umboðsmanni skuldara hafa tengsl við starfsemi lífeyrissjóða og langtum minni en það hlutfall í gjaldinu sem sjóðunum er gert að greiða.***

Jafnframt vilja LL leggja áherslu á að tryggt verði að gjaldi vegna reksturs umboðsmanns skuldara sé eingöngu ráðstafað til þess rekstrar og þykir rétt að vekja sérstaka athygli á því sem segir í umsögn samráðsnefndar gjaldskyldra aðila, dags. 14. júní 2021 en þar segir m.a:

„Gjald vegna UMS, sem lagt er á lánastofnanir, vátryggingarfélag og lífeyrissjóði, rennur nú í ríkissjóð, en framlag ríkissjóðs til UMS er ákveðið með fjárlögum eftir að lögum var breytt. Á þessu ári er framlag ríkissjóðs til UMS 50 m.kr. lægra en áætlað gjald. Slíkt er að mati Samráðsnefndar gjaldskyldra aðila óásættanlegt. Telji ráðuneytið eða Alþingi fjárbörf UMS minni en fram kemur í rekstraráætlun UMS á það að koma fram í lækkun á álöögðu gjaldi. Skýrt kemur fram í 5. grein laga um umboðsmann skuldara að tilgangur gjaldsins er að standa straum af rekstri UMS. Samráðsnefndin telur rétt að þetta verði leiðrétt í næstu fjárlögum.“

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007

Með 18. gr. frumvarpsins er lögð til hækkun á sérstöku frítekjumarki atvinnutekna úr 1.200.000 kr. í 2.400.000 kr. Hækkun frítekjumarka er jákvæð en í þessu sambandi verður ekki hjá því komist af hálfu LL sem ber að gæta að hagsmunum sjóðfélaga í lífeyrissjóðum að benda á þá mismunun sem sjóðfélagar sæta sem fá greiðslur frá lífeyrissjóðum. Hafi þeir sambærilegar greiðslur frá lífeyrissjóðum en ekki atvinnutekjur er ekki unnt að nýta umrætt frítekjumark sem fellur þá ónýtt niður. LL benda á að ***eðlilegt sé að meðhöndla lífeyrissjóðsgreiðslur með sama hætti og atvinnutekjur*** enda má færa sterk rök fyrir því að greiðslur úr lífeyrissjóðum séu frestaðar útgreiðslur atvinnutekna.

Marg ítrekuð framlenging á bráðabirgðaákvæði, víxlverkun á greiðslum, 24. gr. frumvarpsins

Með 24. gr. frumvarpsins er enn á ný lögð til framlenging á bráðabirgðaákvæði sem ítrekað hefur verið framlengt eða allt frá 1. janúar 2011 en ákvæðið varðar samspil örorkulífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Í fjölda umsagna frá LL um fyrri frumvörp sem mælt hafa fyrir um framlengingu ákvæðisins segir:

„Nú er lagt til í frumvarpinu að ákvæðið verði framlengt um eitt ár. LL styðja framlengingu ákvæðisins en vilja sem ítrekað fyrir leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að fundin verði framtíðarlausn á víxlverkunum á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Vilja LL skora á ríkisstjórn í samstarfi við aðila vinnumarkaðar að taka þetta málefni föstum tókum en málið varðar framfærslu viðkvæms hóps í samfélaginu. Tekið skal fram að LL vilja gjarnan eiga faglega aðkomu að þeirri vinnu að móta framtíðarsýn á þennan málaflokk þegar að því kemur.“

Starfandi mun vera vinnuhópur á vegum stjórnvalda sem hefur m.a. fengið það verkefni að yfirfara og skoða þetta ákvæði óháð „heildarendurskoðun á lífeyrissjóðalöggjöfinni“. Bera LL miklar vonir við að afrakstur þeirrar vinnu nái ásættanlegum árangri en í þessum efnum skal það tekið fram að örorkulífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa hækkað og er nauðsynlegt að finna eðlilegt jafnvægi milli greiðslna frá lífeyrissjóðum annars vegar og úr ríkissjóði hins vegar. Er það afstaða LL að hér sé ábyrgð ríkisins mikil og ber að gjalda varhug við að henni sé velt enn frekar en nú er yfir á lífeyrissjóðakerfið. Í þessu sambandi þykir vert að benda á að lífeyrissjóðir greiða og hafa greitt í áraraðir hærri hluta ellilífeyris en kemur frá almannatryggingum og trónir þar á toppnum í alþjóðlegum samanburði. Vilja LL benda á að afar varasamt er að ætla lífeyrissjóðakerfinu að taka yfir örorkugreiðslur með sama hætti.

LL vilja taka það fram og leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að unnið verði með markvissum hætti í samráði við hagaðila að mótun framtíðarstefnu á samspil milli greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Starfsendurhæfing, 22. og 27. gr. frumvarpsins

22. gr. frumvarpsins kveður á um framlengingu á ákvæði XV til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 en ákvæðið kveður á um að framlag lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóða skuli ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna.


Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 var gert ráð fyrir því að ráðherra skipaði nefnd fyrir árslok 2015 til að framkvæma heildarúttekt á starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. LL hafa ítrekað komið því á framfæri að mikilvægt sé að skipa nefndina sbr. umrætt ákvæði. Því ber nú að fagna að nefndin hefur verið skipuð en niðurstöður þeirrar úttektar liggja ekki

enn fyrir. Með það í huga styðja LL framlengingu á umræddu ákvæði XV til bráðabirgða í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Með 27. gr. frumvarpsins er enn og aftur lögð til framlenging á ákvæði sem kveður á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki hlutdeild í almennu tryggingagjaldi. Hér hefur því miður haldist óbreytt ástand til margra ára og skal því áréttað hér allt það sem fram hefur komið í umsögnum LL undanfarin ár við frumvörp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga hvers árs.

Að lokum vilja LL lýsa yfir miklum stuðningi við að fagleg vinna fari af stað við stefnumótun fyrir lífeyrissjóðakerfið til framtíðar í góðu samstarfi við alla haghafa. **Leggja samtökin ríka áherslu á að fá aðkomu að mótun framtíðarstefnu lífeyrismála á Íslandi.**

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Exel-útreikningur á skiptingu eftirlitsgjalds milli lífeyrissjóða sem sýnir samanburð á gjaldinu fyrir árið 2021 og áhrif breytinga fyrir árið 2022, skv. frumvarpinu.
2. Umsögn samráðsnefndar um rekstraráætlun umboðsmanns skuldara, dags. 14. júní 2021.

Lífeyrissjóður	Eftirlitsgjald FME 2021				Eftirlitsgjald FME 2022 - frumvarp 2021				Breyting frá fyrra ári	
	Hrein eign 31.12.2019	Fast	Breytilegt	Samtals	Hrein eign 31.12.2020	Fast	Breytilegt	Samtals	Kr.	%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.017.521.397	11.280.000	26.271.331	37.551.331	1.167.885.627	16.000.000	20.038.109	36.038.109	-1.513.221	-4,0%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	867.670.216	11.280.000	22.402.331	33.682.331	1.013.229.024	16.000.000	17.384.574	33.384.574	-297.757	-0,9%
Gildi - lífeyrissjóður	661.070.958	11.280.000	17.068.156	28.348.156	764.133.360	16.000.000	13.110.691	29.110.691	762.535	2,7%
Birta lífeyrissjóður	432.028.797	11.280.000	11.154.528	22.434.528	491.394.054	13.000.000	8.431.141	21.431.141	-1.003.388	-4,5%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	284.474.132	11.280.000	7.344.822	18.624.822	334.610.746	13.000.000	5.741.116	18.741.116	116.293	0,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	269.133.633	11.280.000	6.948.747	18.228.747	309.560.381	13.000.000	5.311.312	18.311.312	82.565	0,5%
Stapi lífeyrissjóður	256.133.220	11.280.000	6.613.090	17.893.090	295.868.100	13.000.000	5.076.385	18.076.385	183.295	1,0%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	249.103.345	11.280.000	6.431.586	17.711.586	287.840.856	13.000.000	4.938.657	17.938.657	227.071	1,3%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	184.207.817	11.280.000	4.756.052	16.036.052	208.365.451	13.000.000	3.575.050	16.575.050	538.998	3,4%
Festa - lífeyrissjóður	176.578.514	11.280.000	4.559.071	15.839.071	206.572.972	13.000.000	3.544.296	16.544.296	705.224	4,5%
Lífswerk lífeyrissjóður	104.566.629	9.720.000	2.699.800	12.419.800	123.035.136	10.000.000	2.110.987	12.110.987	-308.813	-2,5%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	99.150.205	9.720.000	2.559.954	12.279.954	117.583.456	10.000.000	2.017.449	12.017.449	-262.504	-2,1%
Lífeyrissjóður bankamanna	84.110.223	9.720.000	2.171.637	11.891.637	91.089.848	10.000.000	1.562.883	11.562.883	-328.785	-2,8%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	82.873.863	9.720.000	2.139.716	11.859.716	87.082.961	10.000.000	1.494.134	11.494.134	-365.582	-3,1%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	61.112.029	9.720.000	1.577.848	11.297.848	70.384.067	10.000.000	1.207.621	11.207.621	-90.227	-0,8%
Eftiraunasj atvinnuflugmanna	43.536.968	9.720.000	1.124.079	10.844.079	49.869.005	10.000.000	855.632	10.855.632	11.554	0,1%
Lífeyrissjóður bænda	37.240.874	9.720.000	961.520	10.681.520	40.377.896	10.000.000	692.788	10.692.788	11.267	0,1%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	25.105.620	5.280.000	648.201	5.928.201	26.035.323	5.500.000	446.704	5.946.704	18.503	0,3%
Lífeyrissjóður Rangæinga	14.276.543	5.280.000	368.605	5.648.605	16.268.547	5.500.000	279.129	5.779.129	130.524	2,3%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	12.712.789	5.280.000	328.231	5.608.231	13.490.104	4.000.000	231.458	4.231.458	-1.376.773	-24,5%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélagi Ísl	6.898.577	3.000.000	178.114	3.178.114	7.869.303	4.000.000	135.018	4.135.018	956.904	30,1%
Samtals:	4.969.506.348	199.680.000	128.307.419	327.987.419	5.722.546.216	228.000.000	98.185.134	326.185.134	-1.802.285	-0,5%

61% 39% 100%

70% 30% 100%

Reykjavík, 14. júní 2021

Umboðsmaður skuldara

Kringlunni 1

103 Reykjavík

Varðar: Umsögn rekstraráætlun Umboðsmanns skuldara 2022

Samráðsnefnd gjaldskyldra aðila, sbr. lög nr. 166/2011, hefur fengið rekstraráætlun embættis Umboðsmanns skuldara (UMS) til umsagnar fyrir árið 2022 til umsagnar. Athugasemdir Samráðsnefndarinnar eru eftirfarandi:

1. **Rekstrarkostnaður í jafnvægi.** Litlar breytingar eru á umfangi starfsemi embættisins milli ára og rekstarkostnaður áþekkur milli ára að teknu tilliti til verðalagsbreytinga. Það er ánægjuefni, sérstaklega í ljósi Covid faraldursins, sem ekki virðist hafa haft verulega neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu heimila. Samráðshópurinn hvetur til áframhaldandi aðhalds í rekstri UMS eins og verið hefur.
2. **Framlag ríkissjóðs og álagt gjald vegna UMS.** Gjald vegna UMS, sem lagt er á lánastofnanir, váttryggingarfélag og lífeyrissjóði, rennur nú í ríkissjóð, en framlag ríkissjóðs til UMS er ákveðið með fjárlögum eftir lögum var breytt. Á þessu ári er framlag ríkissjóðs til UMS 50 m.kr. lægra en áætlað gjald. Slíkt er að mati Samráðsnefndar gjaldskyldra aðila óásættanlegt. Telji ráðuneytið eða Alþingi fjárförf UMS minni en fram kemur í rekstraráætlun UMS á það að koma fram í lækkun álögðu gjaldi. Skýrt kemur fram í 5. grein laga um Umboðsmann skuldara að tilgangur gjaldsins er að standa straum af rekstri UMS. Samráðsnefndin telur rétt að þetta verði leiðrétt í næstu fjárlögum.
3. **Samstarf eða sameining við neytendastofu.** Verkefni UMS hafa dregist hratt saman á undanförunum árum eftir að unnið hefur verið úr þeim málum sem leiddu af fjármálahruninu 2008. Undanfarin ár eru verkefni UMS aðallega vegna vandamála sem tengjast neytendalánnum. Aukin áhersla er einnig á ráðgjöf og fræðslu til heimila og neytenda um fjármál. Reynslan sýnir að erfitt getur verið að ná hagkvæmni í rekstri lítilla eininga. Að mati Samráðsnefndar mætti skoða hvort ráðlegt væri sameina rekstur neytendaréttarsviðs Neytendastofu og rekstur embættis Umboðsmanns skuldara og endurskoða samhliða grundvöll gjaldtöku gjaldsskyldra aðila.
4. **Skipunartími samráðsnefndarinnar.** Skipulagstími samráðsnefndarinnar er að renna út. Vakin er athygli ráðuneytisins að komið er að því að endurskipa í samráðsnefndina.

Virðingarfyllst,

Jóna Björk Guðnadóttir
Óskar Magnússon

Yvonne Ólafsdóttir
Anna G. Lyrzod.